

Grálúða:

	U.S. cent pr. lb. Cif.
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	67,25
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	64,38
Heilfr. hausuð 1—2 kg	46,67
Heilfr. m/h U. S. S. R.	36,19
4x12 lagp.	101,12
4x10 og 6x10	94,50
Blokk U. S. S. R.	83,35
Blokk U. S. A.	68,25
Heilfrystur fiskur 3x9	36,19

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 75% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

27. febrúar 1981.

Nr. 143.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans það sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari. Semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfavíðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin á ráðningarsamningi þeim sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það sem nauðsynlegt er hverju sinni og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Upp-sagnarfræstur af hendi hvors aðila er 3 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps S-Múlasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 144.

26. febrúar 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða- ákv. þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða- ákv. þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamanna- kaups í maí 1977, á gildistökulíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum viku- kaups:		
27. október 1980	9 098	27 293
1. desember 1980	9 961	29 883
1. mars 1981	gkr. 10 554	gkr. 31 661

Samgönguráðuneytið, 26. febrúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.